

L Ö G

44

9. júní

um skattfrelsi vinninga í símahappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra
1960 og happdrætti Styrktarfélags vangefinna 1960.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Vinningar í símahappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og vinningar í happdrætti Styrktarfélags vangefinna, sem félög þessi efna til á árinu 1960, skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum nema eignarskatti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. júní 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

45

9. júní

um orlof húsmæðra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Komið skal á fót orlofsnefndum, einni eða fleiri, á starfssvæði hvers héraðs-sambands kvenfélaga, er hafi það hlutverk að sjá um veitingu orlofsfjár til húsmæðra, skipulagningu hvíldarstaða þeirra og ferðalaga svo og önnur verkefni í því sambandi. Þar sem mæðrastyrksnefndir eru starfandi á orlofssvæðinu, skulu orlofsnefndir leita samstarfs við þær.

2. gr.

Í hverri orlofsnefnd skulu vera þrjár konur, kosnar á aðalfundi hlutaðeigandi héraðssambands, og þrjár til vara. Kosið skal til þriggja ára í senn. Orlofsnefndir skipta sjálfar með sér verkum. Þær skulu vera ólaunaðar.

3. gr.

Fé orlofssjóðs skal fengið með þessum hætti:

1. Ríkissjóður greiðir árlega upphæð, sem svarar til minnst 10 kr. fyrir hverja húsmóður á landinu.
2. Með framlögum bæjar- og hreppsfélaga.

- 45 3. Með framlögum kvenfélaga og kvenfélagasambanda.
 9. júní 4. Með gjöfum, áheimum og öðrum þeim hætti, sem orlofsnefndum og kvenfélögum þykir henta.

Framlögum samkvæmt 1. lið skiptir félagsmálaráðuneytið milli orlofssvæða með hliðsjón af mótfamlögum samkvæmt 2., 3. og 4. lið.

4. gr.

Rétt til orlofsfjár eiga allar konur, sem veita heimili forstöðu án launagreiðslu fyrir það starf. Enn fremur má veita orlofsfé vegna barna allt að 10 ára aldri, helming á móti konu, ef sérstaklega stendur á. Orlof skal að jafnaði ekki vera styttra en 10—14 dagar.

5. gr.

Við úthlutun orlofsfjár, er getur numið öllum kostnaði við fullt orlof, skulu orlofsnefndir hafa til hliðsjónar efnahag fjölskyldunnar, barnafjölda og aldur þeirra, húsnæði og heilsufar svo og aðrar þær ástæður, sem að áliti orlofsnefndar ber sérstaklega að taka tillit til.

Geyma má fé orlofssjóðs milli ára, ef ástæða þykir til.

6. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal láta prenta umsóknareyðublöð fyrir umsóknir um orlofsfé til húsmæðra og senda orlofsnefndum.

7. gr.

Á meðan ekki hafa verið reist sérstök orlofsheimili, skulu orlofsnefndir hafa samvinnu við félagsmálaráðuneytið og menntamálaráðuneytið og aðra hlutaðeigendur um afnot skóla og annarra opinberra bygginga til orlofsdvalar, eftir því sem við verður komið.

8. gr.

Skýlt er orlofsnefndum að senda félagsmálaráðuneytinu árlega skýrslu um starfsemi sína ásamt reikningskilum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. júní 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Emil Jónsson.